

AUGLÝSING

um skipulag í Skorradalshreppi.

a) Breyting á deiliskipulagi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Skorradalshrepps breytingu á deiliskipulagi af sumarbústaðahverfum í Skorradal í Borgarfirði.

1) Í landi Dagverðarness á svæði 3, þann 13. apríl 1998.

Breytingin felst í að lóðir eru sameinaðar og fækkar þeim um þrjár. Einnig er leyfileg hámarksstærð bústaða aukin í 82 m² á hverri lóð.

2) Í landi Dagverðarness á svæði 1, þann 3. september 1998.

Breytingin felst í stækkun á lóð 1 úr 2500 m² í 5900 m².

3) Í landi Vatnsenda, svæði 5, þann 3. september 1998.

Breytingin felst í því að bætt er við þremur lóðum vestast á svæði 5.

b) Nýtt deiliskipulag.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 3. september 1998 nýtt deiliskipulag af sumarbústaðahverfi í landi Dagverðarness í Skorradal í Borgarfirði.

Um er að ræða svæði 6 samkvæmt aðalskipulagi. Á því eru þrjár lóðir.

Greinargerð og uppdráttir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingalög mæla fyrir um.

Deiliskipulagssvæði þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi áður samþykkt deiliskipulög af áðurnefndum svæðum.

Skorradal, 7. júlí 1999.

F. h. Skorradalshrepps,

Bjarni O. V. Þóroddsson,

byggingarfulltrúi Skorradalshrepps.

AUGLÝSING

um deiliskipulag hjólhýsa- og tjaldstæða á Flatagerði í Vaglaskógi, Hálshreppi.

Hreppsnefnd Hálshrepps hefur samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 m. s. br. samþykkt deiliskipulag hjólhýsa- og tjaldstæða á Flatagerði í Vaglaskógi, Hálshreppi þann 16. maí 1999.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Illugastöðum, 1. júlí 1999.

F. h. hreppsnefndar Hálshrepps,

Jón Þ. Óskarsson oddviti.